



## **Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, fimmtudaginn 26. nóvember kl. 16:00.**

Mætt: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir varaformaður, Sigrún Blöndal, Þórdís Sveinsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna.

Í upphafi var greint frá því að Guðrún Ragna Einarsdóttir hefur sagt sig frá stjórnarstörfum í stjórn Minjasafnsins. Eru henni þökkúð vel unnin störf í þágu safnsins. Sigríður Sigmundsdóttir mun taka sæti í stjórn safnsins í stað Guðrúnar Rögnu.

### **1. Vinnuaðstaða starfsfólks**

Gerð hafa verið ný próf á loftgæðum í munageymslu og vinnurými á safninu. Frá síðustu mælingu hafa gildi Penicillium/Aspergillus types lækkað úr 960 gró/m<sup>3</sup> í 290. Gildi tveggja annarra gróa mælasmála nú örllítið hærra. Aðgerðir varðandi loftræstingu hafa því skilað árangri. Starfsfólk hefur nú bráðabirðaaðstöðu til skráningarvinnu á miðhæð safnsins. Yfirmaður eignasjóðs Fljótsdalshéraðs vonast til að verktakar fáist fljótlega til að vinna í breytingum í þeim stað sem fyrirhugað er að vinnuaðstaðan verði (eldhús/afgreiðslurými). Stjórn fagnar því að sér til lands varðandi aðstöðu starfsfólks.

### **2. Varðveislumál**

Elsa Guðný fór yfir þá gripi sem enn eru geymdir í bragganum við Sláturhúsið. Þar eru m.a. geymdir gamall pallbíll og traktor. Rætt um geymslumál safnsins, sér í lagi geymslur sem eru annarsstaðar en í Safnahúsinu. Safnstjóra falið að ræða við Óðinn G. Óðinsson atvinnu- og menningarfulltrúa Fljótsdalshéraðs, um þessi mál.

### **3. Fjármálin**

Fjárhagsáætlun 2020 og staðan fyrir 2019. Safnstjóri kynnti fjárhagsáætlun safnsins fyrir atvinnu- og menningarnefnd Fljótsdalshéraðs í október. Safnið fær herra framlag árið 2020 til að koma til móts við aukið starfshlutfall nýs starfsmanns. Útlit er fyrir að safnið fari fram úr áætlun árið 2019, allt að 1.000.000 kr.

### **4. Skýrsla safnstjóra**

Elsa Guðný fór yfir það helsta úr starfsemi safnsins frá síðasta fundi. Þar bar hæst:

#### **- Kennaræping**

Minjasafninu var boðið að kynna starfsemi sína í málstofu á kennaræpingi í Egilsstaðaskóla 13. september. Að loknu þingi bauð Fljótsdalshérað kennurum til móttöku í Minjasafninu.

#### **- BRAS**

Minjasafnið tók virkan þátt í BRAS, menningarhátíð barna- og ungmenna á Austurlandi. Skólunum var boðið að koma með nemendur í sérstaka smiðju sem bar yfirskriftina Þjóðsagna-Stop motion þar sem krakkarnir bjuggu til hreyfimyndir byggðar á þjóðsögum. Egilsstaðaskóli og Brúarásskóli þáðu boðið og sendu samtals 92 nemendur í smiðjurnar. Afraksturinn var svo sýndur á skjá við bókasafnið.

Heppnaðist afar vel. Bókasafn Héraðsbúa bauð grunnskólunum einnig að koma með nemendur í bókalistasmiðjur og aðstoðuðu starfskonur Minjasafnsins við framkvæmd þeirra. Þá bauð Minjasafnið upp á þrjár opnar smiðjur fyrir almenning: Fornleifasmiðju, leikjasmiðju og tálgunarsmiðju sem Bjarki Sigurðsson hafði umsjón með. Samtals komu um 60 börn og í kringum 20 fullorðnir í opnu smiðjurnar. Samtals komu 223 börn í Safnahúsið í tengslum við BRAS, þar af komu 153 börn í smiðjur á vegum Minjasafnsins.

#### - Farskóli safnmanna

Farskóli safnmanna var haldinn á Patreksfirði dagana 2.-5. september. Safnstjóri og Eyrún Hrefna Helgadóttir sóttu skólann að þessu sinni.

#### - Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld.

Sýningin *Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld* var opnuð í Safnahúsinu 30. október á fyrsta degi byggðahátíðarinnar Daga myrkurs. Við opnunina hélt Daníel G. Daníelsson sagnfræðingur fyrirlestur þar sem hann fjallaði um rannsóknir sínar sem sýningin byggir á. Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur og skólarnir hafa einnig nýtt hana.

#### - Handverk og hefðir

Verkefni *Handverk og hefðir*, samstarfsverkefni Minjasafnsins og Heimilisiðnaðarfélag Íslands hélt áfram. Haldið var opið tóvinnunámskeið í skólanum 27. október þar sem Marianne Guckelsberger kenndi réttu handtökin. Ragnheiður Björk Þórsdóttir kynnti vefnað og vefnaðarbók Sigrúnar Blöndal. Framundan er kennsla í gerð tólgargerta í tengslum við jólaviðburð Minjasafnsins. Áhugi hefur verið á að bjóða upp á tálgunarnámskeið fyrir fullorðna.

#### - Söguhringur kvenna

Minjasafnið tók þátt í kynningu á *Söguhring kvenna* sem er fjölmeningarverkefni sem Félag kvenna af erlendum uppruna og Borgarsögusafn hefur staðið fyrir undanfarin ár.

#### - Gripur mánaðarins

Nýr liður hefur hafið göngu sína á heimasíðu safnsins sem ber heitið *Gripur mánaðarins*. Þar er einn gripur úr safnkostinum kynntur fyrir almenningi.

#### - Merkingar í sal

Unnið hefur verið að því að bæta merkingar í sal.

#### - Framundan:

*Líða fer að jólum*, jólasamvera Minjasafnsins og Bókasafnsins fer fram 5. desember. Jóladaatal Minjasafnsins hefur göngu sína á vefnum 1. desember.

- **Styrkumsóknir.** Safnstjóri mun sækja um styrki til ýmissa aðila vegna sérstakra verkefna. Má þar nefna:

- Forvörslunámskeið
- Farskóli
- Ráðstefna félags Þjóðfræðinga á Íslandi
- Kjarvalshvammur
- BRAS

## **5. Önnur mál**

Ásdís sagði frá ferðahópum sem koma með Norrænu og að áhugavert væri að fá inn á safnið í tengslum við ferðalag þeirra inn Flijótsdal. Hvatti til þess að ræða málið frekar við Ólöfu Sæunni (Skottu) Valgarðsdóttur á Skriðuklaustri og finna leið til að koma þessu á framfæri við rétta aðila.

Ekki voru önnur mál.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður í febrúar 2020.

Fundi slitið 16.50.

Sigrún Blöndal ritaði fundargerð.